

From: jon.ogm.thormodsson@anr.is [<mailto:jon.ogm.thormodsson@anr.is>]
Sent: 11. desember 2012 13:21
To: Eiríkur Áki Eggertsson
Cc: postur@anr.is
Subject: Innheimtulagafrv., rökstutt svar, dags. 11. 12. 2012 ANR12090510

JÖP 11. 12. 2012

innh.frv.2012.rokstudningur

(ANR12090510)

Svör við fyrirspurnum formanns efnahags- og viðskiptanefndar í tölvupósti til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins 29. 11. 2012.

1. Eftirlit með eigin innheimtustarfsemi og innheimtustarfsemi opinberra aðila hjá Neytendastofu.

Svo sem fram kemur í fyrirleggjandi lagafrumvarpi eru innheimtulögin byggð á norskum innheimtulögum. Í norsku löggjöfnni er þó ekki gert ráð fyrir eftirliti nokkurs ákveðins aðila með eigin innheimtustarfsemi. Ætlunin var í upphaflegum drögum að frumvarpi til innheimtulaga að Fjármálaeftirlitið sem aðaleftirlitsaðili hefði þó slíkt eftirlit með höndum en vegna breytinga í formi tilvísana féll þetta óvart niður. Var því talið æskilegt að kveða í núverandi frumvarpi á um ákveðinn eftirlitsaðila. Litlir sem stórir aðilar og það margir aðilar geta haft eigin innheimtu með höndum og hefur af hálfu stjórnvalda verið talin fólgin sérstök réttarbot að því að einstaklingar og lögaðilar geti leitað til ákveðinnar stofnunar með tiltekin völd telji þeir á sér brotið varðandi innheimtulög, m.a. góða innheimtuhætti, eða gjaldtöku samkvæmt innheimtuleglugerð. Ella færu erindi til ráðuneytis, Neytendastofu eða Neytendasamtakanna sem gætu veitt upplýsingar en hefðu ekki þau virku úrræði sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu að Neytendastofi fái í þessum málum. Neytendastofa þykir henta vel, einkum fyrir einstaklinga og litla lögaðila, sem kvarta mundu til stofnunar, og veitir hún persónulega þjónustu. Fjármálaeftirlitið hefði sem fyrr m.a. eftirlit með eigin innheimtu fjármálafyrirtækja o.fl. og Lögmannafélag Íslands m.a. eftirlit með eigin innheimtu lögmanna.

Eftirlit með innheimtustarfsemi opinberra aðila er nú samkvæmt innheimtulögum hjá Fjármálaeftirlitinu. Gert er ráð fyrir því í fyrirleggjandi frumvarpi að það eftirlit færist til Neytendastofu. Er þá haft í huga að Fjármálaeftirlitið sinnir aðallega eftirliti með stórum fjármálafyrirtækjum, talsvert að eigin frumkvæði, og byggir þá á gjaldskrá með háum fjárhæðum. Þótt einhverjir opinberir aðilar í innheimtustarfsemi séu stórir, t.d. Íbúðalánasjóður, eru flestir litlir og eftirlit af hálfu Neytendastofu því eðlilegra og byggt á kvörtunum.

Framangreint álit um verkefni hjá Neytendastofu samkvæmt frumvarpinu, sem einkum er ætlað til hagsbóta fyrir neytendur, teljast geta farið saman við úttekt á neytendavernd á fjármálamarkaði á grundvelli þingsályktunar frá 140. löggjafarþingi 2011-2012. Nefnd samkvæmt ályktuninni var skipuð í lok október 2012 og vinnur nú að gagnasöfnun.

2. Ósambærilegar valdheimildir Fjármálaeftirlitsins og Lögmannafélags Íslands.

Allt frá setningu innheimtulaga hefur verið vitað um mismunandi (ósambærilegar)

valdheimildir Fjármálaeftirlitsins og Lögmannafélags Íslands. Samkvæmt fyrirbyggjandi frumvarpi er nú skerpt á valdheimildum Fjármálaeftirlitsins. Fjármálaeftirlitið tekur hærri gjöld, alloft af stórum innheimtufyrirtækjum, og getur væntanlega gripið fyrir til virkra aðgerða, fyrst og fremst í formi stjórnvaldssekta. Eftirlit Lögmannafélags Íslands er með sérstökum hætti og getur haft áhrif, ekki aðeins á lokastigi þegar svipting réttinda blasir við. Ekki er annað vitað en að Lögmannafélag Íslands vilji viðhalda sérstöku eftirliti með lögmönnum í þessu tilviki og jafnvel öðrum sem byggja á gömlum grunni. Bent skal á að við meðferð innheimtulagafrumvarpsins á sínum tíma spurði Jón Magnússon hrl., þingmaður, í efnahags- og viðskiptanefnd hvort eftirlit þyrfti að vera bæði hjá Fjármálaeftirliti og lögmönnum.

Mismunandi valdheimildir geta hugsanlega haft neikvæð áhrif á samkeppni eins og Samkeppniseftirlitið hefur bent á í umsögn án þess þó að leggjast sérstaklega gegn ákvæðum frumvarpsins. Getur enda verið erfitt að mæla þessi áhrif og ekki hefur verið látið á þetta reyna af hálfu aðila með formlegum hætti svo að vitað sé til.

Vandséð er að mismunandi valdheimildir geti ekki farið saman við úttekt á neytendavernd á fjármálamarkaði á grundvelli þingsályktunar frá 140. löggjafarþingi 2011-2012, sbr. það sem segir undir lið 1. Benda má á að tilvísun til neikvæðra samkeppnisáhrifa sérstaklega var tekin út í endanlegri gerð ályktunarinnar.

3. Tilmæli efnahags- og viðskiptaráðherra til fjármálafyrirtækja, dags. 8. febrúar 2008 (seðilgjöld), sbr. 12. gr. innheimtulaga 95 12. júní 2008 um nauðsynlegan og hóflegan innheimtukostnað.

Viðskiptaráðherra beinir eftirfarandi tilmælum til fjármálafyrirtækja:

1. Fjármálafyrirtæki skulu framvegis ekki bjóða kröfuhöfum sem nýta sér innheimtþjónustu þeirra að bæta seðilgjöldum eða sambærilegum fylgikröfum, sem neytendur hafa ekki átt kost á að samþykka eða taka afstöðu til, við aðalkröfu sem greidd er á gjalddaga.

2. Fjármálafyrirtækjum er óheimilt að innheimta seðilgjöld og sambærilegar fylgikröfur, sem samið hefur verið um greiðslu á við neytendur, vegna krafna sem innheimtar eru fyrir kröfuhafa á grundvelli þjónustusamnings, nema að uppfylltum neðangreindum skilyrðum:

- Fjárhæð gjalds endurspeglar raunkostnað við útsendingu seðla.
- Neytendum standi til boða raunhæfur gjaldfrjáls valkostur, svo sem að greiða með millifærslu. Haft skal til hliðsjónar að staðgreiðsla á starfsstöð fyrirtækis, ein og sér, telst ekki raunhæfur valkostur.
- Neytendur fái reikning vegna viðskipta, lögum samkvæmt, á pappír eða rafrænt.

3. Fjármálafyrirtækjum ber að tryggja gott aðgengi neytenda að viðskiptaskilmálum og gjaldskrárum sínum, m.a. með hliðsjón af nútímaupplýsingatækni.

Tilmæli þessi byggja á tillögum starfshóps um heimildir fjármálafyrirtækja til gjalddöku o.fl., sbr. skýrslu hópsins sem skilað var til ráðherra í lok desember 2007. Samtök fjármálafyrirtækja áttu tvo fulltrúa í starfshópnum. Nánari upplýsingar um skýrslu starfshópsins og viðbrögð ráðherra við henni eru aðgengilegar á vefsíðu viðskiptaráðuneytis, sbr. fréttatilkynning nr. 1/2008. Tilmælunum er ætlað að innleiða réttarbætur til handa neytendum.

Tilmælin eru í samræmi við grundvallarreglur kröfuréttar um að sá sem óskar eftir þjónustu greiði fyrir hana og meginreglur neytendaréttar um að samningur þurfi að standa að baki kröfu sem ekki grundvallast á lögum. Innheimta seðilgjalda og sambærilegs aukakostnaðar hefur verið gagnrýnd og af mörgum verið talin fara í bága við sett lagaákvæði. Neytendur njóta ávinnings af því að greiða kröfur, sem þeim ber að greiða á þeim stað sem kröfuhafi tilgreinir, með hagkvæmum hætti. Sá ávinningur, sem sumir hafa fært sem rök fyrir því fyrirkomulagi sem komist hefur á og haldist við undanfarin ár, vegur þó ekki upp á móti ofangreindum lagasjónarmiðum. Þá skal bent á að ávinningurinn af nýju fyrirkomulagi er ekki síður kröfuhafans auk þess sem valið er hans.

Þörf er á að leiðrétta þá framkvæmd sem tíðkast hefur varðandi töku seðilgjalda og annars

aukakostnaðar.

Stór hluti viðskiptalífsins byggir á innheimtu krafna í gegnum innheimtakerfi banka og sparisjóða. Samtök atvinnulífsins og Samtök verslunar og þjónustu hafa lýst sig reiðubúin til samstarfs við ráðherra um að tryggja að farið verði eftir tilmælum þessum. Samtökin hyggjast jafnframt efla fræðslu meðal kröfuhafa um heimildir til innheimtu aukakostnaðar gagnvart neytendum og leggja þar með á eitt með ráðherra og fjármálafyrirtækjum um að koma til leiðar að verklag við innheimtu verði í samræmi við gildandi rétt.